



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 136/94  
komudagur 5.6.2009

Alþingi  
b.t. viðskiptanefndar  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2009  
Tílv.: 0905021

**Varðar: tillögu til þingsályktunar um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga, 5. mál. og umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa, 7. mál.**

Með tölvupósti dags. 26. maí 2009 var óskað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um tillögu til þingsályktunar um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga, 5. mál, auk þess sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa, 7. mál, með tölvupósti þann sama dag. Til hægðararauka er fjallað um bæði málin saman í umsögn þessari.

Samkeppniseftirlitið telur að ávallt sé sú hættu fyrir hendi þegar fyrirtæki og eigendur þeirra taka sig saman og mynda einhvers konar eigna- og viðskiptatengsl að þau hætti að haga sér sem sjálfstæðar einingar sem taki ákvarðanir byggðar á því sem hagfelldast sé hverju sinni. Slík eignatengsl geta haft mjög skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið telur því að aukið gagnsæi og takmarkanir á krosseignarhaldi geti verið til bóta.

Tækifæri stærri hluthafa til þess að hygla sér á kostnaði minni hluthafa getur haft neikvæð áhrif á samkeppni. Almennt má segja að ákvarðanir sem teknar eru á rekstrarlegum forsendum út frá hagsmunum þess fyrirtækis sem um er að tefla séu hagfelldustu ákvarðanirnar. Ekki aðeins fyrir smærri hluthafa heldur einnig frá þjóðhagslegum sjónarhóli. Samkeppniseftirlitið telur jafnframt að minnihlutavernd geti dregið úr vandkvæðum sem upp koma vegna óæskilegra eignatengsla enda dregur úr hvatanum til þess að stofna til slíkra tengsla þegar vandasamt er að hagnýta þau. Að því virtu er það skoðun Samkeppniseftirlitsins að full ástæða sé til þess að kanna með hvaða hætti megi styrkja stöðu minni hluthafa.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

  
Snorri Stefánsson